

ÁRSSKÝRSLA 2025

KJARKUR

endurhæfing

AFTUR ÚT Í LÍFIÐ

Efnisyfirlit

STJÓRN	5
ÁGRIP AF STARFI STJÓRNAR	6
ÁVARP FORMANNS	7
HLUTVERK KJARKS ENDURHÆFINGAR	8
STARFIÐ 2025	9
STARFSMENN	9
NÁMSLOK STARFSMANNA OG STARFSNÁM	11
HÚSNÆÐI	11
ÞJÓNUSTUÞEGAR	12
SAMSTARF OG FUNDIR	12
SAMNINGAVIÐRÆÐUR VIÐ SJÚKRATRYGGINGAR ÍSLANDS	12
SAMNINGUR UM SAMSTARF VIÐ TRYGGINGARSTOFNUN	13
REKSTUR	13
INNRI ÞJÓNUSTA	14
SKRIFSTOFA	14
FJÁRMÁL	14
MÖTUNEYTI	15
ENDURHÆFING	16
ENDURHÆFING Í DAGÞJÓNUSTU	16
EINSTAKLINGSMIÐUÐ ÞJÓNUSTA	16
STARFIÐ 2025	17
ENDURHÆFING Í SÓLARHRINGSÞJÓNUSTU	18
STARFSFÓLK	18
HELSTU VERKEFNI ÁRSINS	19
FÉLAGSRÁÐGJÖF	20
ÁRSREIKNINGUR	21

Útgefandi:

Kjarkur endurhæfing
Hátúni 12, 105 Reykjavík
Sími: 5500 300

Myndir:

Steina Matt

Ábyrgðarmaður:

Þórdís Rún Þórisdóttir framkvæmdastjóri
thordis@kjarkurendurhaefing.is

Hönnun, umbrot og prentun:

Gunnar Bjarni Guðmundsson / Pixel ehf.



Stjórn

Stjórn Kjarks er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Tryggja skal að innan stjórnar sé nauðsynleg og fjölbreytt þekking á málefnum hreyfihamlaðra, á sviði heilbrigðisþjónustu og/eða endurhæfingar og fjárhagslegum rekstri (fjármálum). Samkvæmt 41. gr. laga Sjálfsbjargar lsh. kýs landsfundur tvo aðalmenn og einn varamann. Stjórn Sjálfsbjargar lsh. skipar svo þrjá aðalmenn og einn varamann. Soffía Eiríksdóttir sem var áður aðalmaður tók sæti formanns á árinu. Guðrún Karlsdóttir tók sæti aðalmanns til tveggja ára. Á Landsfundi var Margrét S. Jónsdóttir kosin sem aðalmaður til tveggja ára og Pála Kristín Bergsveinsdóttir sem varamaður til tveggja ára. Stjórn Kjarks endurhæfingar 2025-2026 skipa:

Soffía Eiríksdóttir	Hjúkrunar- og lýðheilsufræðingur	formaður
Björgvin Ingi Ólafsson	Hagfræðingur/MBA	varaformaður
Guðrún Karlsdóttir	Endurhæfingarlæknir	aðalmaður
Margrét S. Jónsdóttir	Sjálfsbjörg á Suðurnesjum	aðalmaður
Ólafía Ósk Runólfsdóttir	Sjálfsbjörg í Bolungarvík	aðalmaður
Pála Kristín Bergsveinsdóttir	Sjálfsbjörg í Reykjavík	varamaður
Sigrún Garðarsdóttir	Iðjubjálfi	varamaður

Ágrip af starfi stjórnar

Helstu verkefni stjórnar er að taka ákvarðanir í öllum meiri háttar málum er varðar starfsemina, svo sem að móta stefnu og samþykkja rekstrar- og fjárhagsáætlanir hvers árs. Ársreikningur Kjarks endurhæfingar er lagður fram á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Ársskýrsla og ársreikningur er kynntur á árlegum landsfundi Sjálfsbjargar Ish. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og annast hann daglegan rekstur.

Við upphaf hvers stjórnarfundar er farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún lögð fram til samþykktar. Ýmis mál voru til umræðu á árinu. Reglulega er rætt um fjármál og lögð fram árshlutauppgjör. Í byrjun árs er lögð fyrir fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Allar ákvarðanir sem ekki teljast til daglegs rekstrar eru bornar undir stjórn til samþykktar.

Stjórnarfundir voru haldnir að jafnaði annan hvorn mánuð en falla niður yfir hásumarið. Á árinu hélt stjórnin fimm formlega bókaða stjórnarfundum og í lok árs höfðu alls verið haldnir 251 stjórnarfundir frá upphafi skipunar stjórnar árið 1991. Fundirnir eru staðfundir nema í undantekningartilvikum. Gögn fyrir stjórnarfundum eru sett á sameiginlegt gagnadriif stjórnarmanna með nokkurra daga fyrirvara til að stjórnarmenn hafi tíma til að fara yfir umræðuefni næsta stjórnarfundar. Þetta vinnulag stuðlar að aukinni skilvirkni funda. Í upphafi árs var litið til komandi árs, áherslur stjórnar og rætt um fyrirkomulag funda.

Milli stjórnarfunda sendir framkvæmdastjóri upplýsingapóst um helstu málefni. Með þessu fyrirkomulagi er stjórn stöðugt upplýst um starfsemina þótt að haldinn sé stjórnarfundur annan hvorn mánuð. Helstu verkefni ársins sem snéru að húsnæðinu var að lokið var við að setja upp aðgangsstýringarkerfi á starfseiningar Kjarks. Hljóðvist í matsal var bætt sem var orðið áriðandi að lagfæra. Samningaviðræður við Sjúkratryggingar Íslands hófust á árinu. Haldnir voru fundir um haustið og halda viðræður áfram á nýju ári. Þetta verkefni er viðamikilið og tímafrekt en mikilvægt að ljúka til að tryggja rekstrargrundvöll til lengri tíma en árs í senn. Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn reglulega um samstarfsfundi sem hann á við ýmsa aðila yfir árið.

Stjórnarstarfið gekk vel og á árinu en engin stór verkefni voru innanhúss eins og á fyrra ári.

Ávarp formanns

Stjórn félagsins hélt fimm formlega bókaða stjórnarfundir á árinu 2025 og í lok árs höfðu alls verið haldnir 251 stjórnarfundir frá upphafi skipunar stjórnar árið 1991. Undirrituð hefur verið formaður stjórnar frá júní 2025. Allir stjórnarfundir ársins voru staðfundir.

Guðrún Karlsdóttir sem var formaður stjórnar gaf kost á sér sem meðstjórnandi og undirrituð sem var meðstjórnandi gaf kost á sér sem formaður stjórnar. Að öðru leiti var stjórn óbreytt.

Ánægjulegt var að nokkrir starfsmenn luku námi á árinu en tveir sjúkraliðar útskrifuðust. Á hverju ári tekur Kjarkur á mótum í iðjuþjálfun og hefur gert í mörg ár. Á árinu var hins vegar tekið í fyrsta sinn á mótum í sjúkrapjálfun í samstarfi við Grensásdeild.

Á árinu áttu nokkrir starfsmenn starfsafmæli. Sigrún Heimdal sem fagnaði 20 ára starfsafmæli og Iwona S. Jansdóttir, Jónína Kristinsdóttir, Guadalyne M. Antonio og Elín María Heiðberg fögnuðu allar 10 ára starfsafmæli. Vil ég nota tækifærið og þakka þessum starfsmönnum fyrir vel unnin störf í þágu Kjarks.

Reksturinn var hefðbundinn og það var ekkert sem kom á óvart á liðnu ári. Laun eru ávallt stærsti gjaldaliðurinn en ekki var farið í kostnaðarsamar framkvæmdir á árinu eins og var gert árið 2024. Vel er haldið utan um launalið en það er stærsti gjaldaliðurinn í rekstrinum. Á árinu fjölgaði fagmenntuðu starfsfólki sem er liður í því að styrkja endurhæfingu.

Samningaviðræður hófust við Sjúkratryggingar Íslands um gerð þjónustusamnings og undirritaður var samningur við Tryggingarstofnun um heildstæða endurhæfingu.

Ég lít björtum augum til framtíðar og bind vonir við að áform okkar verði þjónustuþegum Kjarks endurhæfingar og öllum starfsmönnum til heilla. Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum og starfsmönnum Kjarks endurhæfingar fyrir vel unnin störf í þágu þess á liðnu ári.

Soffía Eiríksdóttir

Formaður stjórnar Kjarks endurhæfingar



Hlutverk Kjarks endurhæfingar

Kjarkur endurhæfing var opnað í júlí árið 1973 af Sjálfsbjörg landssambandi fatlaðra þegar fyrsti íbúinn flutti inn í búsetu. Um var að ræða nýja byggingu að Hátúni 12 í Reykjavík. Aðdragandi byggingarinnar á sér mun lengri sögu en fyrsta skóflustungan var tekin árið 1966. Fyrstu árin bar starfsemin heitið Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar. Því var breytt árið 1995 í Sjálfsbjargarheimilið og svo í Kjarkur endurhæfing árið 2023.

Á árinu 2023 voru gerðar nýjar samþykktir sem lýsa því starfi sem unnið er. Þar segir m.a.: „Kjarkur endurhæfing er heilbrigðisstofnun sem rekur sérhæfða heilbrigðisþjónustu á sviði endurhæfingar í skilningi laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Hlutverk félagsins er að veita þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða. Markmið endurhæfingarinnar er að einstaklingar nái viðunandi hæfni til að geta búið sjálfstætt eftir sín áföll.“

Hlutverk Kjarks endurhæfingar er að „veita þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða“. Framtíðarsýn Kjarks er fólgin í slagorðinu „Aftur út í lífið“. Hlutverk og framtíðarsýn rímar vel við upphafleg markmið Sjálfsbjargarheimilisins sem gekk út á að einstaklingar nái færni til að lifa eins sjálfstætt og þeim er unnt eftir veikindi eða slys.

Starfsemin hefur vaxið, dafnað og tekið umtalsverðum breytingum. Í skýrslunni er greint frekar frá starfseminni. Kjarkur endurhæfing er rekið fyrir framlög úr ríkissjóði og hefur verið á föstum fjárlögum frá árinu 1992.



Starfið 2025

Fjöldi stöðugilda árið 2025 var 49,5 sem er rúmlega tveimur fleiri en á árinu 2024. Lögð hefur verið áhersla á að endurmeta fjölda starfsmanna með tilliti til starfseminnar. Á hverju ári eru einhverjir starfsmenn að glíma við veikindi bæði til skemmri og lengri tíma. Veikindadagar starfsmanna á árinu 2025 voru 1487 sem er svipaður fjöldi og þeir voru árið 2023. Veikindi starfsmanna voru 1009 árið 2024 sem þýðir að veikindadögum fjölgaði um 47% milli ára. Þetta er töluverð hækkun frá fyrra ári sem eru ákveðin vonbrigði. Fjöldi veikindadaga árið 2024 var þó lægri en hefur verið og horfa má til þess að það ár hafi verið með óvenju fáa veikindadaga. Samstarf er við Heilsuvernd um skráningu veikinda starfsmanna. Starfsmenn þurfa því, þegar þeir eru veikir, að tilkynna veikindi til síns næsta yfirmanns og í framhaldi tilkynna veikindi til hjúkrunarfræðinga Heilsuverndar. Þar fá þeir samtál við hjúkrunarfræðing og ráðgjöf um næstu skref. Markmiðið með samstarfinu er að efla heilbrigði starfsmanna og vellíðan ásamt því að veita stjórnendum betri yfirsýn yfir veikindamynstur og/eða grípa inn í þegar heilsuspillandi vinnuaðstæður koma upp.

Fjöldi veikindadaga vegna barna árið 2025 er 61 sem eru færri dagar en árið á undan en þá voru þeir 80. Er þetta fækkun frá fyrri árum þar sem fjöldi veikindadaga vegna barna hefur yfirleitt verið í kringum 80 dagar á ári.

9

Starfsmenn

Ýmis fræðsla var í boði fyrir starfsmenn. Fræðslan snýr bæði að faglegum þáttum starfseminnar sem og viðbrögðum við erfiðum aðstæðum. Fræðsla sem snéri að faglegum þáttum var m.a. örfræðsla um hjólastóla og sessur og fræðsla um hreyfingu. Að auki var fræðsla um alþjóðlegt flokkunarkerfi um færni, fötlun og heilsu (ICF) sem Kjarkur notar í sínu endurhæfingarmati.

Annað hvort ár eru haldin skyndihjálparnámskeið og annað hvort ár er haldin fræðsla um brunavarnir. Á árinu 2025 var haldið námskeið um brunavarnir og viðbrögð við bruna. Skyldumæting er á þessi námskeið rétt eins og á starfsdaga. Á starfsdögum voru þau Eypór Eðvaldsson og Ingrid Khulman frá Þekkingarmiðlun með fræðslu „Er gaman í vinnunni“ þar sem starfsmönnum voru kenndar leiðir til að auka vellíðan á vinnu. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að viðhorf hafa mikil áhrif á líðan á vinnustað.



Árshátíð var haldin fyrir starfsmenn í lok janúar og í febrúar var þorramatur á boðstólum. Venju samkvæmt fengu starfsmenn páskaegg og grillað var á svölunum um sumarið. Heilsuvika hefur fest sig í sessi bæði fyrir starfsmenn og þjónustuþega. Í heilsuvikunni er boðið upp á hollan og góðan mat rétt eins og alltaf en bætt er við úrvalið og boðið upp á nýjungar. Starfsmönnum var boðið að fara í nudd, í slökun og fá heilsufarsmælingu hjá hjúkrunarfræðingum. Einnig var boðið upp á fyrirlestur um næringu. Bæði starfsmönnum og þjónustuþegum stóð til boða að fá bólusetningu við flensu og það eru alltaf einhverjir sem þiggja það. Starfsmannafélagið er virkt og skipuleggur viðburði yfir allt árið. Jólapakkað var fyrir starfsmenn og jólaþeysudagar. Svo var farið í pílu svo eitthvað sé nefnt. Starfsmenn tóku þátt í Lífshlaupinu og farin var vorferð á vegum starfsmannafélagsins sem tókst með miklum ágætum.

Nokkrir starfsmenn fögnuðu stórafmælum á árinu. Björg Einarsdóttir fagnaði 30 ára afmæli og Karítas Markúsdóttir fagnaði 60 ár afmæli. Við óskum þeim innilega til hamingju. Nokkrir starfsmenn fögnuðu starfsafmæli á árinu. Sigrún Heimdal fagnaði 20 ára starfsafmæli og Iwona S. Jansdóttir, Jónína Kristinsdóttir, Guadalyne M. Antonio og Elín María Heiðberg fögnuðu allar 10 ára starfsafmæli. Er þeim þakkað fyrir vel unnin störf.

Ingibjörg Jóhannsdóttir sjúkraliði lét af störfum á árinu vegna aldurs eftir rúmlega 32 ár starf. Haldið var kveðjukaffi henni til heiðurs og færðar þakkir fyrir sitt framlag í þágu starfseminnar.





Námslok starfsmanna og starfsnám

Þó nokkrir starfsmenn luku við nám á árinu. Barbara Ploszaj og Marta A. Józwiak útskrifuðust sem sjúkraliðar, Elizaveta Bugrovskaya útskrifaðist sem viðskiptafræðingur, Björg Einarsdóttir útskrifaðist sem talmeinafræðingur og Margrét Íris Einarsdóttir útskrifaðist með BA í félagsráðgjöf. Við óskum þessum starfsmönnum til hamingju með árangurinn og prófin.

Venju samkvæmt komu iðjubjálfunanemar til Kjarks og um haustið komu tveir nemar til okkar í starfsbjálfun. Einnig var samstarf við Grensásdeild Landsspítala um að taka á móti nemum í sjúkraþjálfun á haustmánuðum.

Húsnæðið

Á árinu 2024 var stærsta verkefni ársins að taka í gegn 500 m² rými á 4. hæð hússins fyrir dagþjónustuna. Nú þegar fyrsta starfsári er lokið á nýjum stað er komin reynsla á húsnæðið. Það hefur nýst vel þar sem fleiri þjálfunarrými voru gerð í þessum breytingum. Nú er hægt að þjálfa smærri hópa í minni rýmum og stærri hópa í hreyfirýmum. Þjálfunareldhúsið er mikið notað og í kaffisaðstöðunni eiga þjónustuþegar saman góðar stundir milli þjálfunar.

Lokið var við að setja upp aðgangsstýringu í lyftur á árinu og eru rými Kjarks nú aðgangsstýrð. Þetta hefur veitt þjónustuþegum og starfsmönnum aukna öryggis tilfinningu þar sem auðvelt er að komast inn í húsið sem hefur marga innganga.

Í matsal voru settar upp hljóðvistunarplötur í loftið þar sem hljóðvist í matsalnum var slæm. Þessi breyting hefur haft mikil áhrif á líðan fólks í matsalnum til hins betra. Svipaðar plötur hafa einnig verið settar upp í stærri þjálfunarrýmum í dagþjónustunni.

Skrifstofur eru staðsettar á 3ju hæð og er ansi þröngt á þeim gangi. Í sumum skrifstofum er tví- og jafnvel þrímennt. Þörf er á að fjölga vinnurýmum fyrir heilbrigðisstarfsfólk fyrir tölvuvinnu þar sem slík vinna tekur sífellt meiri tíma hjá fagfólki.

Þjónustuþegar

Á hverju ári er ýmislegt gert til skemmtunar fyrir þjónustuþega. Mikið af því sem er gert er fléttað inn í dagskrá endurhæfingar. Þó eru nokkrir viðburðir sem eru sérstaklega viðamiklir sem fleiri starfsmenn koma að. Jólahátíð var haldin í byrjun desember en þá er þjónustuþegum boðið upp á jólamat í matsalnum sem búið er að skreyta og gera jólalegan. Allir koma í sínu fínasta þússi og haldið er jólabingó og sungið saman jólalög. Jólahátíðin er vinsælasti viðburðurinn á árinu og mætingin er ávallt góð. Á þessum viðburði þjóna starfsmenn til borðs og myndirnar sem eru í ársskýrslunni þetta árið eru teknar á jólahátíðinni.

Á sumrin er sumarhátíð og þá er grillað á svölunum. Svalirnar eru mikið nýttar þegar veðrið er gott og þá er endurhæfingin og kaffið flutt út. Keypt voru ný húsgögn á svalirnar þar sem húsgögnin voru úr sér gengin og þung fyrir marga til að færa til. Nýju húsgögnin eru léttari og þola betur vatnsveður.

Boðið er upp á bólusetningu við flensu og þátttöku í heilsuvíkunni. Svo eru haldnir viðburðir eins og jólaþeysudagur og bleikur dagur svo að eitthvað sé nefnt.

Samstarf og fundir

Samstarf var við Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík (ÍFR) um leigu á aðgangi að tækjasal. Margir þjónustuþegar í endurhæfingu nýta sér tækjasalinn sem er í nálægð við Kjark. Aðstaða til endurhæfingar í sundlaug er leigð af Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra, en Sjálfsbjörg rekur sundlaug í Hátúni 12 sem er sérstaklega sniðin að þörfum hreyfihamlaða einstaklinga.

Á árinu var fundað með öðrum fagaðilum. Sjúkraþjálfarar frá Grensásdeild Landsspítala komu á fund í mars en áður hefur verið tekið á móti iðjuþjálfum frá Grensásdeild. Tveir starfsmenn Kjarks voru með erindi á 80 ára ráðstefnu Reykjalundar en það voru þær Alda Ásgeirsdóttir og Valerie Harris en þær eru forstöðumenn sólarhrings- og dagþjónustu Kjarks. Haldnar voru kynningar á starfsemi fyrir útskriftarteymi Landspítala og B6.

Samningaviðræður við Sjúkratryggingar Íslands

Á árinu hófust formlegar samningaviðræður við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ). Í gegnum tíðina hafa Kjarkur og heilbrigðisráðuneytið átt í góðu samtali og hefur legið fyrir um nokkurt skeið að ganga eigi til samninga við SÍ. Með gerð formlegs samnings við SÍ um þjónustu tryggir það samstarf við stjórnvöld til lengri tíma en verið hefur þar sem fjárlög hafa verið ákveðin frá ári til árs. Fyrirséð er að samið verður til nokkurra ára sem tryggir reksturinn og eykur fyrirsjáanleika í starfsemi Kjarks endurhæfingar.

Samningur um samstarf við Tryggingarstofnun

Skrifað var undir samstarfssamning við Tryggingarstofnun um haustið. Samstarfið felur í sér að Kjarkur endurhæfing er endurhæfingaraðili sem veitir þverfaglega og heilðræna endurhæfingarpjónustu sem er forsenda endurhæfingargreiðslna frá Tryggingarstofnun.

Rekstur

Fjárhagur Kjarks endurhæfingar var viðunandi á árinu 2025. Rekstrinum er fylgt vel eftir og var hann að mestu leyti í samræmi við áætlun en þó urðu einhverjar breytingar á gjaldaliðum milli ára. Engin óvænt útgjöld urðu á árinu en laun hækkðu milli ára og má það að hluta rekja til fleiri stöðugilda og launahækkana sem komu til framkvæmda á árinu. Launaliðurinn vegur þýngst í útgjöldum og vel er fylgst með honum í árshluta uppgjöri. Ársreikning má finna aftast í skýrslunni.

Innri þjónusta

Innan Kjarks er fjölbreytt starfsemi og endurhæfingu er sinnt af tveimur deildum, dagþjónustu og sólarhringsþjónustu. Aðrar starfseiningar styðja við starfsemi endurhæfingar og eru þær starfseiningar skrifstofa og mötuneyti.

Skrifstofa

Á skrifstofu Kjarks endurhæfingar starfar framkvæmdastjóri, mannauðs- og gæðastjóri, húsvörður og tveir aðrir starfsmenn. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á fjármálum og öllum daglegum rekstri gagnvart stjórn og formanni stjórnar. Verkefni skrifstofunnar eru að m.a. að annast gæðamál, starfsmannamál, túlkun kjarasamninga, færsla bókhalds og greiðslur. Einnig að sinna tilfallandi verkefnum og styðja aðrar einingar innan Kjarks. Mikil áhersla er lögð á að faglega sé unnið úr úrlausnarmálum sem upp kunna að koma. Fjöldmörg verkefni koma á borð skrifstofunnar sem eru mörg af ólíkum toga en flest þeirra tengjast rekstri á einn eða annan hátt.

14

Skrifstofan starfar þverfaglega með öllum starfseiningum Kjarks. Lögð er áhersla á gott samstarf og miðlun upplýsinga til starfsmanna. Verkefni starfsmanna eru ólík en mikil samskipti eru við aðra stjórnendur og samstarfsfólk. Kjarkur hefur til umráða næstum 2500 m² og krefst það umfangsmikillar umsjóna.

Fjármál

Ársreikning fyrir árið 2025 má sjá aftast í skýrslunni. Ríkisframlagið fyrir árið 2025 voru 885 m.kr. en var 860 m.kr. árið 2024. Hækkun milli ára voru rúmar 25 m.kr.

Helsti gjaldaliðurinn er launaliðurinn, liðurinn Annar rekstrarkostnaður var 178 m.kr. en var 191 m.kr. á árinu 2024. Þessi lækkun milli ára skýrist helst af því að viðamiklum breytingum á húsnæði sem lauk á árinu 2024.





Þegar tekið er tillit til fjármagnsliða er rekstrarniðurstaða ársins 2025 jákvæð um rúmar 25 m.kr. sem er töluvert lægra frá fyrra ári. Það skýrist af því að viðbótarframlag var greitt til Kjarks í byrjun árs 2025 sem var gjaldfært á árið 2024. Viðbótarframlagið var vegna launaleiðréttinga sem komu til greiðslu á árinu 2024. Að öðru leyti er vísað á ársreikninginn sem fylgir með aftast í þessari skýrslu.

Mötuneyti

Mötuneytið er opið alla daga ársins og fyrir þá þjónustuþega sem eru í sólarhringsþjónustu er boðið upp á morgunmat, hádegismat, síðdegiskaffi og kvöldmat. Grunnstarfsemi er að sjá þjónustuþegum fyrir hollum og kjarngóðum mat og samstarf er við næringarfræðing til að tryggja að framboð sé fjölbreytt. Fyrir þá sem eru dagþjónustu er boðið upp á morgunmat, hádegismat og síðdegiskaffi.

Fiskur er reglulega á boðstólum, tvisvar til þrisvar í viku, og grænmeti er alltaf í boði með máltíðum. Reynt er að takmarka neyslu á rauðu kjöti og bjóða upp á það einu sinni í viku. Í kaffitíma er alltaf boðið upp á ávexti og/eða grænmeti og eitthvað hollt til að snæða. Lögð er áhersla á að takmarka neyslu á sætabrauði. Áfram er lögð áhersla á að allir séu ánægðir og glaðir og við sjáum það á hverjum degi hvað matur skiptir þjónustuþega miklu máli. Ekki síst fyrir þá sem búa úti í bæ og eru ekki duglegir að elda sjálfir. Það tryggir að þeir fái næringarríkan og fjölbreyttan mat þá daga sem þeir eru í þjálfun hjá Kjarki endurhæfingu.

Endurhæfing

Inntökuteymi annast móttöku og mat á umsóknum. Teymið fundar reglulega og fjallar um umsóknir og metur endurhæfingarþörf umsækjenda. Umsóknir berast aðallega frá Grensásdeild Landspítala og Reykjalundi, en einnig frá taugalækningadeild Landspítala. Hver umsókn er metin og oft þarf að afla frekari upplýsinga, en samstarf við aðrar stofnanir hefur reynst gott.

Í endurhæfingunni er unnið út frá hagnýtum einstaklingsmiðuðum markmiðum sem eru endurskoðuð reglulega. Endurhæfingarteymið fundar reglulega og á þeim fundum er farið yfir endurhæfingaráætlun þjónustupega. Í endurhæfingarteyminu starfa sérfræðingar innan Kjarks endurhæfingar sem meta endurhæfingarþörf hvers og eins. Læknir er kallaður til eftir þörfum og sama á við um þjónustu frá sálfræðingi og næringarfræðingi. Teymið fundar reglulega þar sem farið er yfir framgang endurhæfingar þjónustupega, bæði í sólarhringsþjónustu og dagþjónustu. Á fundunum eru markmið hvers þjónustupega yfirfarin og tekin ákvörðun um næstu skref í endurhæfingarferlinu. Jafnframt er metin þörf fyrir fjölskyldufundi og markmiðafundi með aðkomu þess fagfólks sem kemur að endurhæfingu viðkomandi.

16

Endurhæfing í dagþjónustu

Markmið dagþjónustu Kjarks er að veita endurhæfingu sem gerir einstaklingum kleift að viðhalda og/eða auka færni, búa lengur í eigin húsnæði og vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Þjónustan byggir á hugmyndafræði Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) um endurhæfingu og heilsufar sem er skilgreint á eftirfarandi hátt:

Endurhæfing er röð íhlutana sem þörf er á fyrir fólk sem býr við eða er líklegt að verði fyrir takmörkunum á færni í daglegu lífi vegna öldrunar og heilsubreysts, þ.m.t. langvinnra sjúkdóma eða raskana, áverka eða slysa. Slíkar hömlur geta verið vegna skerðingar á hugrænni getu, sjón, heyrn, samskiptafærni, getu til að komast um, tengslamyndun eða starfsgetu. Endurhæfing eflir fólk á öllum aldri til að viðhalda eða ná aftur færni í daglegu lífi, lifa innihaldsríku lífi og hámarka lífsgæði. Endurhæfing er einstaklingsmiðuð heilsufarsaðgerð sem getur farið fram innan sérhæfðar endurhæfingarþjónustu (oft fyrir fólk með flóknar þarfir) eða sem hluti af annarri þjónustu vegna heilsubreysts eða fötlunar, til dæmis heilsugæslu, geðheilbrigðisþjónustu eða þjónustu við fólk með sjón- eða heyrnarskerðingu (Heilbrigðisráðuneytið, 2020)

Einstaklingsmiðuð þjónusta

Að hafa aðgang að þessari þjónustu eflir og styrkir þjónustupega og styður við fjölskyldur. Fagfólk, sem getur gripið inn í þegar færni eða fjölskyldumynstur breytist, getur skipt öllu máli fyrir þjónustupega og aðstandendur þeirra. Dagþjónustan styðst við einstaklingsmiðaða þjónustu en með þeirri þjónustuaðferð tekur einstaklingurinn virkan þátt í að efla eigin heilsu og endurhæfingu í samvinnu við fagfólkið sem sinnir þörfum hans og óskum af virðingu og með skilningi. Með því móti er hægt að setja markmið og áætlun sem leiða til breytinga.

Endurhæfingaráætlun með tímasettum markmiðum er unnin fyrir hvern og einn og endurmetin reglulega. Þjónustan er veitt þar sem hennar er þörf í samfélaginu á forsendum einstaklingsins. Hún er mjög fjölbreytt og miðast að þörfum hvers og eins. Þjálfun fer fram að mestu leyti í hópum innan húsnæðis dagþjónustu, ÍFR, sundlaug Sjálfsbjargar en líka úti í samfélaginu.

Í dagþjónustunni starfar forstöðumaður, fjórir iðjubjálfar, sjúkraþjálfari, þrír íþróttfræðingar, verkefnisstjóri, sálfræðingur, talmeinafræðingur, móttökuritari og þrír sérhæfðir aðstoðarmenn. Að auki er keypt þjónusta af verktökum.

Langflestir þjónustuþegar koma beint úr frumendurhæfingu á Grensásdeild Landspítala. Aðrir þjónustuþegar koma frá taugasviði Reykjalundar, í gegnum heilsugæsluna eða á eigin vegum með stuðningi heimilislækna. Áhersla er á að umsækjendur séu á aldrinum 18 til 67 ára. Einstaklingar sem hafa fengið þjónustu og eru að verða 67 ára fá markvissa þjálfun og stuðning til að kanna þjónustu eldri borgara og tengjast þeirri þjónustu. Undantekning er þó gerð frá þessari reglu ef einstaklingar geta ekki nýtt sér öldrunarþjónustu vegna fötlunar og þurfa áfram sérhæfða þjónustu.

Starfið 2025

Á árinu 2025 voru 27 þjónustuþegar innritaðir og 29 útskrifaðir. Aðeins átta af þeim 29 þjónustuþegum sem voru útskrifaðir fóru í legudeildarþjónustu á annarri heilbrigðisstofnun, t.d. á Landspítalanum.

Í desember 2025 veitti dagþjónustan endurhæfingu til 33 þjónustuþega sem bjuggu á eigin heimilum á höfuðborgarsvæðinu. Að auki veitti dagþjónustan 13 þjónustuþegum endurhæfingu sem voru í sólarhringsþjónustu.

Skortur á viðeigandi þjónustu í nærumhverfi einstaklinga að lokinni endurhæfingu hjá Kjarki hefur áhrif á útskriftaráætlanir og hversu vel einstaklingum tekst til með endurkomu út í samfélagið eftir endurhæfingu. Nauðsynlegt er að stjórnvöld bregðast við þeim skorti og bjóði upp á fjölbreytni og sveigjanleika í þjónustu, ef koma á í veg fyrir endurinnlagnir í endurhæfingu.

Í samanburði við fyrri ár hefur orðið aukning á þörf fyrir túlkþjónustu á fundum með þjónustuþegum og fjölskyldum þeirra. Starfsfólk hefur verið úrræðagott við að finna leiðir til að bæta samskipti við þjónustuþega og fjölskyldumeðlimi þeirra sem ekki tala íslensku,



meðal annars með því að nota tækni eins og þýðingarforrit fyrir heilbrigðisstarfsfólk og Google Translate. Samskiptaörðugleikar hægja á endurhæfingarferlinu og geta haft áhrif á gæði þjónustunnar. Starfsfólk er meðvitað um mikilvægi þess að taka tillit til menningarmunar hjá einstaklingum sem hafa flust til Íslands og leitast við að sýna menningarlega næmni í starfi sínu.

Endurhæfingarþarfir einstaklinga og fjölskyldna þeirra sem fá þjónustu eru flóknar og síbreytilegar. Aukinn margbreytileiki og breytingar á þörfum virðast endurspegla breytingar í íslensku samfélagi og á heimsvísu. Þetta gerir kröfur til þjónustunnar og starfsfólks um að bregðast við þessum breytingum með sveigjanlegum og samhæfðum hætti. Nauðsynlegt er að Kjarkur endurhæfing þróist til að mæta nýjum þörfum í endurhæfingu.

Endurhæfingu Kjarks er best lýst með kjörorðum Kjarks um að koma fólki „aftur út í lífið“. Skipulag, ferlar, tegundir þjálfunar, samsetning starfsmanna og þjónustuþega eru í stöðugri þróun. Það er augljóst að það eina sem er öruggt eru breytingar. Breytingar á endurhæfingu eru nauðsynlegar til að tryggja að þjónusta sé í takt við þarfir samfélagsins.

Árið 2025 er fyrsta starfsárið sem dagþjónustan er á 4. hæð í Hátúni 12. Árinu 2024 var húsnæðið gert upp og hefur það reynst vel. Hægt hefur verið að bjóða upp á fleiri hópa og einstaklingstíma en nokkru sinni fyrr.

18

Endurhæfing í sólarhringsþjónustu

Hjá Kjarki endurhæfingu dvelja tveir meginhópar þjónustuþega. Annars vegar einstaklingar í tímabundinni endurhæfingu sem dvelja frá þremur mánuðum upp í allt að tvö ár og hins vegar hreyfihamlaðir einstaklingar sem eru í hjúkrunarþjálfun, en það eru einstaklingar sem hafa búið í töluverðan tíma hjá Kjarki endurhæfingu. Íbúð er fyrir endurhæfingu sem hugsuð er til styttri dvalar eða nýtt til að meta þjónustuþörf einstaklings og/eða sem hvíldarinnlögn. Styttri endurhæfingarúrræði geta verið frá 1-3 mánuðir. Hvíldarinnlagnir geta verið frá 2 dögum upp í mánuð í senn og geta nýst bæði þjónustuþegum og aðstandendum þeirra. Seinnipart árs var önnur íbúð tekin undir styttra endurhæfingarúrræði þar sem þörf var á slíku úrræði. Mikilvægt er að bregðast við þörfinni fyrir endurhæfingarúrræðum og laga þjónustuna að því eins og kostur er.

Á þessu ári voru 21 skráðir í endurhæfingu í sólarhringsþjónustu. Fjórir þjónustuþegar útskrifuðust úr endurhæfingu. Af þeim sem útskrifuðust fóru tveir heim í eigin íbúð með tilheyrandi stuðningi, einn þjónustuþegi útskrifaðist á sambýli og einn útskrifaðist á Landspítalann. Þjónustuþegarnir voru að meðaltali 10 mánuði í endurhæfingu. Fjórir þjónustuþegar komu í endurhæfingu á árinu. Þeir komu frá Grensásdeild og einn kom frá Landspítalanum, í styttri dvöl. Ávallt eru góð samskipti milli fagaðila sem undirbúa útskrift þjónustuþega og Kjarkur leggur sig fram um að vera í góðu sambandi við þá fagaðila sem koma til með að styðja þjónustuþega að lokinni endurhæfingu hjá Kjarki.

Það voru sjö einstaklingar sem nýttu sér hvíldarinnlögn annars vegar sem hvíld og hins vegar í mat á endurhæfingarþörf og þjónustu. Sumir einstaklingarnir komu nokkrum sinnum yfir árið. Alls voru 13 innlagnir. Tímabilið var frá tveimur dögum upp í mánuð í senn.

Starfsfólk

Það er alltaf áskorun að fá gott fólk til starfa og nú eru nokkrir eldri starfsmenn að kveðja eftir langan starfsferil og nýir taka við. Mannauðsmálin eru oft áskorun en við höfum verið með gott starfsfólk.



Starfsfólk í sólarhringsþjónustu er til staðar allan sólarhringinn. Hjúkrunarfræðingar vinna frá 8-16 alla daga og eru síðan á bakvöktum. Læknir frá Heilsuvernd ehf. kemur á fund hjúkrunarfræðinga einu sinni í viku þar sem farið er yfir mál þjónustuþega eftir þörfum og þess utan eru þeir á bakvöktum.

Töluvert var unnið við að lagfæra aðstöðu starfsfólks í sólarhringsþjónustu og rýmin gerð hugguleg.

Fræðsla hefur verið innanhúss um hin ýmsu mál er varðar starfið og hefur það gefist vel. Reynt er að bregðast við ef fræðslu vantar um ákveðin mál er snúa að starfinu. Starfsmenn taka einnig þátt í starfsdögum, þar sem boðið er upp á fræðslu sem tengist starfinu og síðan er samveran líka stór þáttur. Reglulega er farið yfir skyndihjálparkunnáttu starfsmanna og viðbrögð við bruna. Reynt er að hvetja starfsfólk til að sækja fræðslu sem býðst og getur nýst starfseminni. Sjúkraliðar hafa verið duglegir að sækja námskeið hjá Framvegis. Hjúkrunarfræðingar skiptu sér og sóttu málþing SUMS, sýklalyfjadaginn, Hjúkrun 2025 á Akureyri og Heilbrigðisþing.

Helstu verkefni ársins

Inflúensubólusetningar eru ávallt að hausti bæði fyrir þjónustuþega og starfsfólk. Það er gert til að reyna að draga úr áhrifum af völdum inflúensunnar. Áskoranir tengdar þjónustuþegum verða alltaf til staðar og er þá mikilvægt að standa saman, hafa góða verkferla og styðja við starfsfólkið. Við fengum sjálfboðaliða frá Rauða Krossinum til að lesa upp úr bókum fyrir þjónustuþega sem hefur verið mjög ánægjulegt og hefur orðið að föstum vikulegum lið í starfseminni.

Töluvert hefur verið um kynningar á starfsemi Kjarks endurhæfingar fyrir stofnanir úti í bæ. Margir komu til okkar á kynningar m.a. starfsfólk frá Reykjalundi, starfsfólk frá Grensásdeild og útskriftarteymi Landspítala og fóru tveir hjúkrunarfræðingar með kynningu á B6 í Fossvogi sem var með starfsdag. Á afmæli Reykjalundar þann 12. febrúar voru tveir starfsmenn frá Kjarki endurhæfingu með kynningu á starfseminni.

Félagsráðgjöf

Starfssvið félagsráðgjafa snýr fyrst og fremst að ráðgjöf og stuðningi við þjónustupega og þeirra aðstandendur er varðar þau úrlausnarefni sem þeir standa frammi fyrir í kjölfar veikinda og annarra áfalla. Hjá Kjarki sinnir félagsráðgjafi fyrst og fremst einstaklingsráðgjöf til einstaklinga og aðstandenda. Algengustu úrlausnarefnin eru að veita stuðning við að sækja um framfærslu. Einnig þurfa margir aðstoð með sín fjármál og stuðning við að ná utan um þau. Þar sem búseta hjá Kjarki er tímabundin er snemma farið að huga að hvaða búseta tekur við að endurhæfingu lokinni. Leggja þarf mat á þjónustupörf og koma á tengingu við þá aðila sem eru að veita búsetuúrræði og stuðning sé það forsenda sjálfstæðrar búsetu að lokinni endurhæfingu hjá Kjarki.

Félagsráðgjafi hefur milligöngu um að tengja saman þjónustukerfi, samskipti við hinar ýmsu stofnanir og félagasamtök fyrir hönd þjónustupega og fjölskyldu þeirra. Aðstoð við að sækja um akstursþjónustu er eitt af algengum verkefnum félagsráðgjafa, enda er það mikilvæg þjónusta sem auðveldar þjónustupegum að komast á milli staða án þess að vera upp á aðra komnir. Ráðgjöf og stuðningur við aðstandendur er stór partur af starfi félagsráðgjafa. En einnig með hvert hægt sé að sækja stuðning og ráðgjöf með flókin úrlausnarefni sem upp geta komið.

Ársreikningur
Kjarkur endurhæfing
2025

Ársreikningur

Kjarkur endurhæfing

2025



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn	2
Áritun endurskoðenda	3 - 4
Rekstrarreikningur ársins 2025	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2025	6
Sjóðstreymi ársins 2025	7
Skýringar	8 - 12

Stjórn félagsins Kjarkur endurhæfing:

Soffía Eiríksdóttir, formaður
Björgvin Ingi Ólafsson
Guðrún Karlsdóttir
Margrét S. Jónsdóttir
Ólafía Ósk Runólfssdóttir

Framkvæmdastjóri:

Þórdís Rún Þórisdóttir

Kjörinn endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Sif Jónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Kjarkur endurhæfing var sett á stofn 1973 af Sjálfsbjörg landsambandi hreyfihamlaðra. Starfsemi Kjarks endurhæfingar er skilgreind sem endurhæfing og boðið er upp á endurhæfingu með búsetu og/eða á dagdeild. Búseta er að hámarki til tveggja ára og að þeim tíma loknum geta þjónustupegar haldið áfram sinni endurhæfingu á dagdeild. Aðrir þjónustupegar eru í endurhæfingu á dagdeild. Starfandi eru þverfagleg inntöku- og endurhæfingarteymi. Fjölbreytt flóra sérfræðinga starfa hjá Kjarki endurhæfingu, s.s. félagsráðgjafi, iðjupjálfar, hjúkrunarfræðingar, talmeinafræðingur og sjúkráþjálfari. Einnig er unnið í nánu samstarfi við aðra sjúkráþjálfara og lækna. Á vegum Kjarks endurhæfingar er einnig rekin hvíldarrými, eldhús og þvottahús.

Starfsemi á árinu

Framlag ríkisins í fjárlögum 2025 nam 885 millj. kr. og er það 2,92% hækkun frá fyrra ári. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2025 námu bókfærðar eignir heimilisins 134 millj. kr. en skuldir 82 millj. kr. Eigið fé í efnahagsreikningi var jákvætt um 52 millj.kr. í árslok 2025.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá Kjarki endurhæfingu á árinu umreiknuð í heilsársstörf var 49,4 og launagreiðslur félagsins námu um 568 millj.kr.

Ráðstöfun rekstrarhagnaðar

Stjórnin vísar til eiginfjárfirlits vegna ráðstöfunar á rekstrarafgangi ársins.

Fjárhagsleg staða

Rekstur félagsins á árinu 2025 var rekinn með 25,5 millj.kr.hagnaði. Á árinu 2024 var hagnaður félagsins 65,3 millj.kr en af þeirri fjárhæð voru um 40,7millj.kr.aukaframlag frá Ríkissjóði Íslands sem var greitt í ársbyrjun 2025 til að mæta kjarsamningshækkunum á árinu 2024.

Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við bókhald félagsins, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Kjarks endurhæfingar er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu, efnahag þess á árinu 2025 og breytingum á handbæru fé á árinu 2025. Allar skuldbindingar Kjarks endurhæfingar koma fram í ársreikningnum. Engir tengdir aðilar hafa áhrif á rekstur heimilisins, ef frá er talin leiga Kjarks endurhæfingar á húsnaði Sjálfsbjargar landsambands hreyfihamlaðra.

Ársreikningur Kjarks endurhæfingar er lagður fram á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra Kjarks endurhæfingar.

Reykjavík, 18. mars 2026

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kjarks endurhæfingar.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjarks endurhæfingar fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem Kjarkur endurhæfing birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem Kjarkur endurhæfing gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlitri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kjarks endurhæfingar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa Kjark endurhæfingu upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Sif Jónsdóttir

löggiltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík

18. mars 2026

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Ríkisframlög		885.216.669	860.100.001
Aðrar tekjur		30.182.372	24.579.657
		<u>915.399.041</u>	<u>884.679.658</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	3	(718.256.124)	(631.908.874)
Annar rekstrarkostnaður		(178.159.640)	(191.034.264)
		<u>(896.415.764)</u>	<u>(822.943.138)</u>
Hagnaður fyrir fjármagnsliði		18.983.277	61.736.520
Fjármagnsliðir	4		
Fjármunatekjur		6.688.025	5.173.776
Fjármagnsgjöld		(150.145)	(1.563.880)
		<u>6.537.880</u>	<u>3.609.896</u>
Hagnaður ársins		<u>25.521.157</u>	<u>65.346.416</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	2025	2024
Birgðir	5	1.331.000	1.210.000
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	6	3.646.634	42.495.886
Handbært fé		129.101.218	63.612.845
Veltufjármunir		<u>134.078.852</u>	<u>107.318.731</u>
Eignir alls		<u>134.078.852</u>	<u>107.318.731</u>
 Eigið fé og skuldir			
Óráðstafað eigið fé		51.693.045	26.171.888
Eigið fé	7	<u>51.693.045</u>	<u>26.171.888</u>
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	8	82.385.807	81.146.843
Skammtímaskuldir		<u>82.385.807</u>	<u>81.146.843</u>
Skuldir alls		<u>82.385.807</u>	<u>81.146.843</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>134.078.852</u>	<u>107.318.731</u>

Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		25.521.157	65.346.416
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda	2	0	987.708
		<u>25.521.157</u>	<u>66.334.124</u>
 Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		38.849.252	(39.009.596)
Birgðabreyting, hækkun	(121.000)	(110.000)
Skammtímaskuldir, hækkun		190.942	11.069.789
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>38.919.194</u>	<u>(28.049.807)</u>
 Handbært fé frá rekstri		<u>64.440.351</u>	<u>38.284.317</u>
 Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddar afborganir langtímalána		0	(15.949.977)
Tengdir aðilar, breyting		1.048.022	379.304
Fjármögnunarhreyfingar		<u>1.048.022</u>	<u>(15.570.673)</u>
 Hækkun á handbæru fé		65.488.373	22.713.644
 Handbært fé í ársbyrjun		63.612.845	40.899.201
Handbært fé í lok árs		<u>129.101.218</u>	<u>63.612.845</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Kjarkur endurhæfing er endurhæfingarstofnun sem var stofnuð árið 1973 af Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra. Kjarkur endurhæfing er staðsett í Hátúni 12 í Reykjavík. Kjarkur endurhæfing rekur framhaldsendurhæfingu fyrir einstaklinga með heila- og taugaskaða sem hafa fengið frumendurhæfingu á sjúkrastofnunum. Boðið er upp á endurhæfingu með búsetu eða á dagdeild. Einnig er rekið mötuneyti og þvottahús.

Kjarkur endurhæfing er ekki skattskyld.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kjarks endurhæfingar fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum Kjarks endurhæfingu.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

Innlausn tekna

Stærsti tekjuliður félagsins eru framlög frá ríkinu samkvæmt fjárlögum. Framlögin greiðast mánaðarlega í jöfnum fjárhæðum. Aðrar tekjur felast fyrst og frest í sölu á þjónustu og mat í Hátúni 12.

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Birgðir

Birgðir í efnahagsreikningi eru metnar samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2025	2024
Laun	567.963.394	498.668.260
Lífeyrissjóðsgjöld	88.427.703	80.164.227
Önnur launatengd gjöld	60.266.972	50.100.013
Annar starfsmannakostnaður	1.598.055	2.976.374
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>718.256.124</u>	<u>631.908.874</u>
Meðalföldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	<u>49</u>	<u>47</u>

4. Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	6.627.553	5.073.526
Aðrar vaxtatekjur	60.049	100.250
	<u>6.688.025</u>	<u>5.173.776</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vextir og verðbætur langtímaskulda	0	1.386.169
Önnur vaxtagjöld	150.145	177.711
	<u>150.145</u>	<u>1.563.880</u>

5. **Birgðir**

Yfirlit yfir birgðir:	2025	2024
Matvælabirgðir	1.331.000	1.210.000
	<u>1.331.000</u>	<u>1.210.000</u>

6. **Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur**

Viðskiptakröfur	2025	2024
Viðskiptakröfur	1.777.432	65.675
	<u>1.777.432</u>	<u>65.675</u>

Aðrar skammtímakröfur

Óinnheimt framlag ríkissjóðs	0	40.700.000
Aðrar skammtímakröfur	1.869.202	1.730.211
	<u>1.869.202</u>	<u>42.430.211</u>

7. **Eigið fé**

Yfirlit um eiginfjárreikninga:		Óráðstafað eigið fé
Flutt frá fyrra ári		26.171.888
Hagnaður ársins		25.521.157
Eigið fé 31.12.2025		<u>51.693.045</u>

8. **Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir**

Viðskiptaskuldir	2025	2024
Lánardrottnar	8.149.296	10.023.386
	<u>8.149.296</u>	<u>10.023.386</u>

Aðrar skammtímaskuldir

Reiknað áunnið orlof	43.552.664	38.542.197
Ógr. launatengd gjöld	26.315.980	29.261.415
	<u>69.868.644</u>	<u>67.803.612</u>

Skuld við tengda aðila

Tengdur aðili - Sjálfsbjörg	4.367.867	3.319.845
	<u>4.367.867</u>	<u>3.319.845</u>

9. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengd félög árið 2025:

	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Seld þjónusta, leiga og vörur	Kröfur	Skuldir
Sjálfsbjörg lands. hreyfihamlaðra	52.830.943	245.773	0	4.367.867
	<u>52.830.943</u>	<u>245.773</u>	<u>0</u>	<u>4.367.867</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2024:

	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Seld þjónusta, leiga og vörur	Kröfur	Skuldir
Sjálfsbjörg lands. hreyfihamlaðra	40.253.088	2.337.627	0	3.319.845
	<u>40.253.088</u>	<u>2.337.627</u>	<u>0</u>	<u>3.319.845</u>

Fimm ára yfirlit félagsins

Fimm ára yfirlit félagsins á verðlagi hvers árs (í þús.kr.):

	2025	2024	2023	2022	2021
Rekstur					
Ríkisframlag.....	885.217	860.100	804.067	756.806	735.100
Aðrar tekjur.....	<u>30.182</u>	<u>24.580</u>	<u>24.364</u>	<u>26.466</u>	<u>27.577</u>
Rekstrartekjur.....	915.399	884.680	828.431	783.272	762.677
Rekstrargjöld.....	<u>(896.416)</u>	<u>(822.943)</u>	<u>(807.210)</u>	<u>(730.186)</u>	<u>(727.525)</u>
Hagnaður f. fjárm.liði	18.983	61.737	21.221	53.086	35.152
Fjármagnsliðir.....	<u>6.538</u>	<u>3.610</u>	<u>888</u>	<u>(6.258)</u>	<u>(7.548)</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u>25.521</u>	<u>65.346</u>	<u>22.109</u>	<u>46.828</u>	<u>27.604</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir.....	<u>134.079</u>	<u>107.319</u>	<u>45.485</u>	<u>40.401</u>	<u>31.530</u>
Eignir samtals	<u>134.079</u>	<u>107.319</u>	<u>45.485</u>	<u>40.401</u>	<u>31.530</u>
Eigið fé	51.693	26.172	(39.175)	(61.284)	(108.111)
Langtímaskuldir.....	0	0	10.237	22.513	54.130
Skammttímaskuldir.....	<u>82.386</u>	<u>81.147</u>	<u>74.423</u>	<u>79.172</u>	<u>85.512</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>134.079</u>	<u>107.319</u>	<u>45.485</u>	<u>40.401</u>	<u>31.530</u>

Sundurliðanir ársins 2025

	2025	2024
10. Ríkisframlög		
Framlög ríkissjóðs	885.216.669	860.100.001
Ríkisframlög	<u>885.216.669</u>	<u>860.100.001</u>
11. Aðrar tekjur		
Fæðissala	19.750.648	19.561.852
Seld þjónusta	5.506.937	5.105.661
Leigutekjur	0	(87.856)
Styrkir	1.804.654	0
Annað	3.120.133	0
Aðrar tekjur	<u>30.182.372</u>	<u>24.579.657</u>
12. Laun og tengd gjöld		
Laun	567.963.394	498.668.260
Orlof starfsmanna	5.010.467	1.175.633
Tryggingagjald	42.052.623	36.896.126
Lífeyrissjóðsgjöld	88.427.703	80.164.227
Sjúkra- og orlofstryggingar	12.419.986	11.220.337
Slystryggingar	783.896	807.917
Annar starfsmannakostnaður	1.598.055	2.976.374
Laun og tengd gjöld	<u>718.256.124</u>	<u>631.908.874</u>
Stöðugildi að meðaltali	49	47
13. Annar rekstrarkostnaður		
Lyf og hjúkrunarkostnaður	4.818.578	3.119.143
Aðkeypt vinna sérfræðinga	16.756.864	16.787.085
Þvottur	716.510	837.279
Eldhús	27.997.223	28.453.415
Félagsstarf	7.145.888	6.269.540
Skrifstofa	5.728.449	4.921.597
Tölvukerfi	13.763.717	18.556.591
Aðkeypt þjónusta	8.756.632	4.606.335
Ferðir, fundir og námskeið	2.698.614	855.971
Aksturskostnaður	3.186.566	3.249.220
Ýmiss starfsmannakostnaður	7.039.889	5.170.086
Rekstrarkostnaður annar	4.752.868	5.789.132

	2025	2024
Húsnæðiskostnaður	60.107.873	49.532.272
Verkkaup og byggingarvörur	4.786.440	32.180.231
Eignakaup	9.903.529	10.706.367
Annar rekstrarkostnaður	<u>178.159.640</u>	<u>191.034.264</u>

Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Soffía Eiríksdóttir



Undirritað af:
Soffía Eiríksdóttir
2301704609
Dags: 19.03.2026
Tími: 07:59:45
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e055ec93-
0293-4367-9293-
1c9d59c0911f

Varaformaður stjórnar
Björgvin Ingi Ólafsson



Undirritað af:
Björgvin Ingi Ólafsson
0906784509
Dags: 18.03.2026
Tími: 16:50:13
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e055ec93-
0293-4367-9293-
1c9d59c0911f

Meðstjórnandi
Guðrún Karlsdóttir



Undirritað af:
Guðrún Karlsdóttir
2101653129
Dags: 18.03.2026
Tími: 19:01:29
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e055ec93-
0293-4367-9293-
1c9d59c0911f

Meðstjórnandi
Margrét Sigríður Jónsdóttir



Undirritað af:
Margrét Sigríður Jónsdóttir
0503615789
Dags: 18.03.2026
Tími: 17:47:56
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e055ec93-
0293-4367-9293-
1c9d59c0911f

Meðstjórnandi
Ólafía Ósk Runólfssdóttir



Undirritað af:
Ólafía Ósk Runólfssdóttir
2808754069
Dags: 14.04.2026
Tími: 13:44:25
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e055ec93-
0293-4367-9293-
1c9d59c0911f

Framkvæmdastjóri
Þórdís Rún Þórisdóttir



Undirritað af:
Þórdís Rún Þórisdóttir
0308705149
Dags: 24.03.2026
Tími: 10:16:08
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e055ec93-
0293-4367-9293-
1c9d59c0911f

Endurskoðandi
Sif Jónsdóttir



Undirritað af:
Sif Jónsdóttir
0609862829
Dags: 18.03.2026
Tími: 17:01:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e055ec93-
0293-4367-9293-
1c9d59c0911f

